

ARCTICA FINANCE HF.

Reglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Inngangur

Reglur þessar eru settar af stjórn Arctica Finance hf. („Arctica“) með vísan til 18. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, („VBVL“) og í samræmi við 7. þátt III. kafla reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

1 Tilgangur og gildissvið

- 1.1 Arctica ber við framkvæmd viðskiptafyrirmæla að leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.
- 1.2 Reglur þessar gilda eingöngu um viðskipti með fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í VBVL, þegar Arctica:
 - a Móttekur og miðlar fyrirmælum frá viðskiptavinum.
 - b Framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina.
 - c Annast eignastýringu og beinir fyrirmælum um viðskipti á grundvelli eignastýringarinnar til annarra aðila.
- 1.3 Reglur þessar gilda ekki þegar Arctica framkvæmir fyrirmæli samkvæmt sérstökum fyrirmælum viðskiptavinar, sbr. grein 4.1.
- 1.4 Reglur þessar eiga við um viðskipti Arctica við almenna fjárfesta og

fagfjárfesta, sbr. skilgreiningu í VBVL, en eiga ekki við um viðskipti við viðurkennda gagnaðila nema þeir hafi krafist þess sérstaklega, sbr. 3. mgr. 22. gr. VBVL.

- 1.5 Arctica getur ákveðið einhliða að víkka eða þrengja gildissvið reglna þessara þannig að þær taki ýmist til fleiri eða færri fjármálagerninga í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum, ráðgjöf, fyrirmælum eða úrskurðum þar til bærra yfirvalda, þ. á m. úrskurðum dómstóla og eftirlitsaðila, eða á annan hátt eftir atvikum að mati Arctica. Nýjustu útgáfu af reglum þessum á hverjum tíma skal vera hægt að finna á heimasíðu félagsins, www.arctica.is. Arctica vísar til reglna þessara í ýmsum samningum og samningsskilmálum félagsins.¹
- 1.6 Við túlkun á reglum þessum ber að hafa í huga stærð og skipulag Arctica á hverjum tíma sem og eðli og umfang þess, auk gildandi starfsleyfa.

2 Besta framkvæmd

- 2.1 Að teknu tilliti til beinna fyrirmæla viðskiptavina, mun Arctica við framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína á grundvelli eftirfarandi þátta: verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta.
- 2.2 Verð og kostnaður veга alla jafna þyngst þegar leitað er bestu mögulegu niðurstöðu, en þó getur Arctica ákvarðað að aðrir þættir vegi þyngra

¹ Í sumum tilvikum er vísað til stefnu Arctica um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og er þá átt við reglur þessar.

með hliðsjón af því hvaða viðskiptavinur á í hlut, hvernig fyrirmælum er háttað, um hvaða fjármálagerninga er að ræða eða á hvaða markaði viðskiptin fara fram.

2.3 Arctica mun ákvarða hlutfallslegt vægi einstakra þátta í framkvæmd viðskiptafyrirmæla í hverjum viðskiptum fyrir sig á grundvelli fyrirbyggjandi staðreynda. Ákvarðanir byggir Arctica á hæfni og reynslu starfsmanna, markaðsupplýsingum og viðmiðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem byggjast á eftirfarandi atriðum:

- a Einkenni viðskiptavinar, þ.m.t. hvort viðskiptavinur er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir.
- b Einkenni fyrirhugaðra viðskipta.
- c Hvers eðlis fyrirmæli viðskiptavinar eru.
- d Einkenni þeirra fjármálagerninga sem um ræðir í viðkomandi fyrirmælum.
- e Einkenni þeirra viðskiptastaða (markaða) sem unnt er að beina fyrirmælunum til.

3 Viðskiptastaðir (markaðir)

3.1 Arctica mun eftir því sem efni standa til leggja mat á viðskiptastaði sem í boði eru með hliðsjón af þeim vörum sem það stundar viðskipti með til að ákvarða hvaða viðskiptastaðir henta best til að Arctica geti sinnt þeirri skyldu sinni að tryggja viðskiptavinum sínum bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Arctica skiptir ekki umboðslaunum sínum eða gerir þau upp á þann hátt að viðskiptastöðum sé mismunað.

3.2 Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla er Arctica heimilt að nota hvern þann viðskiptastað, einn eða fleiri, sem tilgreindur er hér að neðan:

- a Skipulega verðbréfamarkaði.
- b Markaðstorg fjármálagerninga

(MTF).

- c Innmiðlara (ef við á).
- d Önnur fjármálafyrirtæki, miðlara eða aðra söluaðila fjármálagerninga.

3.3 Á eftirfarandi lista eru tilgreind heiti þeirra markaða sem Arctica reiðir sig einkum á við framkvæmd viðskiptafyrirmæla:

	Skulda bréf	Hluta bréf	Hlutdeildar skírteini
NAS DAQ OMX Iceland	X	X	X
First North Iceland	X	X	X

3.4 Arctica getur ákvarðað að nauðsynlegt sé, til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, að framkvæma fyrirmælin utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF).

3.5 Samkvæmt verðbréfavíðskiptalögum er Arctica skylt að afla samþykkis viðskiptavina fyrirfram ef viðskiptafyrirmæli eru framkvæmd utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (ef undan eru skilin tilvik þar sem engum skipulegum verðbréfamörkuðum eða markaðstorgum fjármálagerninga er til að dreifa í lista yfir viðskiptastaði með viðkomandi fjármálagerning). Með því að samþykkja reglur þessar er viðskiptavinur að samþykkja sérstaklega að Arctica sé heimilt að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF).

3.6 Til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd

viðskiptafyrirmæla, mun Arctica hverju sinni velja viðskiptastað sem fellur best að viðmiðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og með hliðsjón af hlutfallslegu mikilvægi einstakra þátta við framkvæmd þeirra viðskiptafyrirmæla sem um ræðir hverju sinni. Arctica áskilur sér rétt til að notast við aðra markaði en þá sem tilgreindir eru að framan ef það auðveldar Arctica að tryggja viðskiptavinum bestu mögulegu niðurstöðu. Þá leitar Arctica, að uppfylltum skilyrðum greinar 5.1, til þriðja aðila, t.d. miðlara eða annars fjármálafyrirtækis, til að veita viðskiptavinum aðgang að öðrum mörkuðum en þeim sem tilgreindir eru að framan, t.d. ef viðskiptafyrirmæli varða fjármálagerning sem tekinn hefur verið til viðskipta (skráður) erlendis, þá gæti Arctica notast við þarlendan miðlara til að framkvæma fyrirmælin á viðkomandi markaði. Mæli viðskiptavinnur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal Arctica fylgja fyrirmælum hans.

3.7 Arctica mun leggja reglulega mat á markaði sem í boði eru með hliðsjón af þeim fjármálagerningum og vörum sem Arctica studna viðskipti með til að ákvarða hvaða markaðir henta best til að Arctica geti sinnt þeirri skyldu sinni að tryggja viðskiptavinum sínum bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Listi yfir markði, sbr. grein 3.3, verður uppfærður þegar tilefni er til á grundvelli þessa mats.

4 Ákveðin fyrirmæli viðskiptavinnar

4.1 Mæli viðskiptavinnur fyrir um ákveðna framkvæmd (til dæmis með rafrænum fyrirmælum) mun Arctica fylgja fyrirmælum hans og framkvæma viðskiptin í samræmi við þau. Ná ákveðin fyrirmæli einungis til takmarkaðs þáttar af framkvæmdinni, mun Arctica framkvæma aðra þætti á grundvelli reglna þessara. Viðskiptafyrirmæli sem gefin eru með

beinum markaðsaðgangi, (e. direct market access)² í samræmi við samning Arctica við viðskiptavin, teljast ávallt vera ákveðin fyrirmæli viðskiptavinnar.

4.2 Viðskiptavinni Arctica á að vera ljóst að með því að gefa ákveðin fyrirmæli um framkvæmd tiltekinna viðskipta er Arctica hugsanlega knúð til að víkja frá þeim reglum og viðmiðum sem fram koma í reglum þessum og sett eru til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskipta.

5 Móttaka og miðlun fyrirmæla

5.1 Mæli viðskiptavinnur ekki fyrir um á annan veg, er Arctica heimilt að miðla fyrirmælum hans um framkvæmd viðskipta til annarra starfseininga innan Arctica eða til þriðja aðila, til að mynda miðlara, til að framkvæma viðskiptin. Við slíka miðlun skal Arctica gæta þess að aðgerðir þess þjóni hagsmunum viðskiptavinnar og leggja til grundvallar hlutfallslegt mikilvægi allra þátta sem koma fram í reglum þessum og viðmið um framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

6 Truflun á markaði

6.1 Verði truflun á markaði, eða í kerfum sem notuð eru vegna beins markaðsaðgangs (e. direct market access),³ getur verið ómögulegt eða óviðeigandi að framkvæma viðskiptafyrirmæli í samræmi við þá verkferla sem lýst er í reglum þessum. Arctica mun í slíkum tilvikum, eftir bestu getu, leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðuð fyrir viðskiptavinni sína.

7 Samsöfnun pantana

7.1 Arctica er heimilt, en ekki skylt, að safna saman pöntunum mismunandi viðskiptavinnu og heimila því fjármálafyrirtæki sem Arctica kann að miðla fyrirmælum til að safna saman pöntunum frá Arctica við pantanir annarra viðskiptavinnu og/eða

² Sjá grein 4.9 í aðildarreglum Nasdaq OMX á Íslandi.

³ Sjá grein 4.9 í aðildarreglum Nasdaq OMX á Íslandi.

viðkomandi fjármálafyrirtækis. Arctica mun úthluta viðskiptavinum úr slíkum samsöfnunum á eðlilegan og sanngjarnan máta.

- 7.2 Ef samsöfnuð pöntun er ekki öll framkvæmd á sama verði, þá má Arctica reikna út það meðalverð sem fékkst í viðskiptunum við úthlutun til viðskiptavina. Að beiðni viðskiptavinar mun Arctica láta í té viðeigandi upplýsingar um útreikning á meðalverði.
- 7.3 Viðskiptavinum er bent á að samsöfnun pantana getur leitt til óhagstæðrar niðurstöðu fyrir viðskiptavinum í einstökum tilvikum.

8 Opinber birting fyrirmæla

- 8.1 Samkvæmt verðbréfi viðskiptalögum ber Arctica að gera opinber viðskiptafyrirmæli sem ekki hafa verið framkvæmd, nema viðskiptavinur mæli sérstaklega fyrir um annað. Með því að samþykkja reglur þessar mælir viðskiptavinur svo fyrir að Arctica skuli ekki gera slík fyrirmæli opinber.

9 Eftirlit og endurskoðun

- 9.1 Arctica mun hafa eftirlit með því að reglur þessar séu í samræmi við lög og almennt með framkvæmd þeirra og skilvirkni, sem og að fyrirmæli séu framkvæmd í samræmi við reglurnar. Verði starfsmenn þess varir að viðskipti hafi átt sér stað í andstöðu við reglur þessar skulu þeir gera framkvæmdastjóra eða regluverði viðvart.
- 9.2 Arctica er heimilt að breyta reglum þessum einhliða hvenær sem er. Arctica mun endurskoða reglur þessar og einnig fyrirkomulag við framkvæmd fyrirmæla. Slík endurskoðun skal einnig fara fram í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu Arctica til að ná áframhaldandi besta mögulega árangri við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina Arctica.
- 9.3 Arctica mun tilkynna viðskiptavinum um allar efnislegar breytingar sem gerða

verða á framkvæmd fyrirmæla eða reglum þessum með því að birta nýjar eða breyttar reglur á heimasíðu félagsins, www.arctica.is. Með því telst Arctica hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína samkvæmt reglum þessum.

10 Gildistaka

- 10.1 Reglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 23. október 2009 og breytt þann 11. nóvember 2014.